

|                                    |  |
|------------------------------------|--|
| <i>Titill:</i>                     | <b>Notendahópur um verðvísitölur</b>   |
| <i>Fundarstaður og -tími:</i>      | 12. fundur, haldinn 1. nóvember 2013 á Hagstofu Íslands  |
| <i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i> | Ólafur Hjálmarsson, Rósmundur Guðnason, Heiðrún E. Guðmundsdóttir, Finnbogi Gunnarsson, Lára G. Jónasdóttir, Gísli M. Gíslason, Jón G. Guðmundsson, Marta M. Skúladóttir, Stefán L. Sigurþórsson, Víkingur Guðmundsson   |
| <i>Fundarmenn:</i>                 | Ari Skúlason - Landsbankinn, Magnús Stefánsson - Landsbankinn, Kári S. Friðriksson - Seðlabanki Íslands, Leifur Þorbergsson - Viðskiptaráð Íslands, Arnar Þór Sveinsson - Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Henný Hinz - ASÍ, Helgi Tómasson - Háskóli Íslands, Kári Joensen - Háskólinn á Bifröst, Marinó Melsted - Rannsókn- og spádeild Hagstofu Íslands, Ólafur Ísleifsson - Háskólinn í Reykjavík, Jón B. Bentsson - Íslandsbanka, Ásta B. Sigurðardóttir - Íslandsbanka. |

---

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Samanburður á vísitölu neysluverðs og samræmdri vísitölu neysluverðs
2. Verðmælingar á ferðum og flutningum
3. Önnur mál

Rósmundur Guðnason bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Samanburður á vísitölu neysluverðs og samræmdri vísitölu neysluverðs. Lára G. Jónasdóttir, sérfræðingur í vísitöludeild, kynnti helstu liði sem skilja að samræmda vísitölu neysluverðs og vísitölu neysluverðs. Stærsti einstaki liðurinn sem greinir vísitölurnar að er kostnaður af búsetu í eigin húsnæði sem er metinn í vísitölu neysluverðs en er ekki hluti af samræmdri vísitölu vegna mælingarvanda margra Evrópuþjóða. Fjallað var um megin tilgang samræmdu vísitölnnar sem samanburðartæki milli landa, t.d. vegna Maastricht skilyrða innan myntbandalagsins á Evrusvæðinu. Í kjölfar kynningarinnar skapaðist umræða m.a. um hvort samræmda vísitalan væri viðkvæm fyrir pólitískum inngrípum, t.d. gagnvart því hvort tóbak væri haft með eður ei. Einnig var umræða um fjármagnskostnað og fjárfestingu í eigin húsnæði í vísitölunum tveimur.
2. Verðmælingar á ferðum og flutningum. Finnbogi Gunnarsson, sérfræðingur í vísitöludeild, kynnti aðferðafræði Hagstofunnar við mælingar á liðnum ferðir og flutningar í vísitölu neysluverðs, sér í lagi hvernig flugfargjöld eru mæld. Fram kom í kynningunni að vegna landfræðilegrar stöðu Íslands vega flugfargjöld mun meira í vísitölunni hér en í löndunum í kringum okkur, og því

## FUNDARGERÐ

valda verðsveiflur flugfargjalda meira flökti á vísitölunni í heild. Mikil umræða skapaðist í kjölfar kynningarinnar, m.a. um notkun hlaupandi meðaltala eða árstíðaleiðréttinga í mælingunni, rannsóknir á tengslum heimsmarkaðsverðs olíu og fargjalda og um réttmæti þess að allir ferðadagar vikunnar hafi sama vægi í mælingunni.

3. Önnur mál. Heiðrún E. Guðmundsdóttir sagði stuttlega frá þróunarverkefnum innan vísitöludeildarinnar er varða söfnun á kassakerfisgögnum frá dagvöruverslunum, nýjum lyfjagrunni og verðmælingum á raforku til heimila sem hugsanlegum umfjöllunarefnum á næsta notendafundi að ári.

*Fylgiskjöl, glærukynningar frá fundinum:*

1. Samanburður á vísitölu neysluverðs og samræmdri vísitölu neysluverðs
2. Verðmælingar á ferðum og flutningum